

panthera

Leiðbeiningar um notkun

Bambino hjólastóll

Hvernig á að nota stólinn

Panthera Bambino hjólastóllinn er hannaður fyrir börn sem þurfa á hjólastól að halda sem þau geta setið þægilega og rétt í frá degi til dags og stjórnað auðveldlega. Grindin er eins fyrirferðarlítið og hægt er að hafa hana og sú léttasta sem nú er fáanleg. Mikilvægt er að notandinn eða einhver annar sem það kann stilli stólinn eins og með þarf svo þú getir setið á réttan hátt, hreyft þig eins mikið og þörf er á og að hann sé rétt jafnvægisstilltur. Þess vegna fylgja þessar leiðbeiningar með um hvernig eigi að stilla Panthera Bambino hjólastólinn.

Á tveimur síðustu blaðsíðunum er að finna mikilvægar upplýsingar um öryggi notandans. Kynntu þér vinsamlegast þau atriði gaumgæfilega.

Að taka úr umbúðum og skoða:

Kannaðu hvort þetta sé stóllinn sem pantaður var. Kannaðu eftirfarandi:

- breidd stólsins. Mældu ytra mál sætisins, það á að vera 27, 30 eða 33 sm, allt eftir því hvað pantað var,
- fylgihluti. Kannaðu hvort allir fylgihlutir voru afhentir sem pantaðir voru.

Kannaðu tæknileg atriði stólsins:

- að öxlar afturhjóra renni auðveldlega inn í og út úr öxulfestingunni,
- að hnappurinn í öxlinum miðjum (1. mynd) hrökkvi aftur út eftir að búið er að setja afturhjólið á,
- að öll fjögur hjólin snerti jörð,
- að auðvelt sé að bretta bakið fram,
- að framhjólsgafflar snúist óhindrað.

Ef eitthvað er athugasvert við eitthvert þessara atriða skaltu hafa samband við seljanda áður en stóllinn er tekinn í notkun.

Að setja saman og taka sundur:

Þegar stóllinn er t.d. fluttur í bíl er best að taka afturhjólin af.

Afturhjólin eru tekin af stólnum með því að ýta inn hnappinum í miðjum öxli hjólsins. Þá er hægt að kippa hjólinu að sér. Þegar hjólið er sett á að nýju er hnappinum fyrst ýtt inn og síðan er öxulinn settur inn í öxulfestinguna. Hjólinu er

þrýst eins langt inn og hægt er og svo er kippt í það til að kanna hvort það sitji fast (sjá 2. mynd).

Bakið er hægt að fella niður og framávið með því að kippa í vörinn sem festur er við baklæsinguna og síðan er það fellt framávið og niður. Þegar bakið er sett upp á ný er nóg að þrýsta því eins langt aftur og það kemst, þá festir læsingin það sjálfkrafa í uppréttri stöðu (sjá 5. mynd).

STILLINGAR

Þegar sætið er stillt fyrir notanda og stóllinn er stilltur til að fá fram þá aksturseiginleika sem óskað er eftir, er mikilvægt að framkvæma hin ýmsu stillingaratriði í réttri röð. Byrjaðu á því að stilla í rétta setstöðu. Að því loknu þarf að stilla jafnvægi stólsins til að fá sem besta aksturseiginleika. Það skiptir máli að gera þetta í þessari röð því breyting á setstöðu breytir jafnvægispunkti stólsins. Stillingar eru gerðar í þeirri röð sem hér segir:

- a) bakdúkur og seta
- b) fótafjalir
- c) hæð baks
- d) halli baks
- e) strekking á bakdúk
- f) jafnvægi hjólastólsins
- g) staða hemla

A) Strekking á bakdúk og setu

1. Hægt er að strekkja og slaka á baki með því að herða eða losa um franska rennilásinn undir sætinu (sjá 1. mynd). Þetta þýðir að hægt er að færa hæð setunnar u.þ.b. 2 sm upp eða niður.
2. Hægt er að breyta dýpt sætisins með því að færa sætisframlenginguna fram eða aftur.

Stilling á fótafjöllum

Hæð: Losaðu skrúfur nr. 1 (3. mynd) og hreyfðu fótafjölinu upp eða niður. Hertu skrúfurnar á ný. Ef þú vilt hafa fætuna neðar er hægt að halla fótafjölinni þannig að hún snúi beint niður.

Lengd: Losaðu skrúfur nr. 2 (3. mynd), opnaðu hjaraklemmuna alveg og færðu fótafjölinu fram eða aftur.

Horn: Áður en þú herðir skrúfur nr. 2 skaltu stilla á það horn sem þú vilt hafa. Hertu skrúfurnar á ný.

A) Að stilla hæð baksins:

Hægt er að stilla hæð baksins með því að losa fyrst um skrúfurnar eins og sýnt er á 4. mynd. Bakdúkurinn er svo losaður frá frönsku rennilásunum. Þá er hægt að stilla bakið í rétta hæð með því að renna bakplöturörum upp eða niður. Þegar rétt hæð er fundin eru skrúfurnar hertar á ný. Fjarlægðu franska rennilásinn sem þú losaðir um ef þú hefur lækkað bakið.

Að stilla halla baks

1. Fyrst aflæsirðu baklásnum með því að kippa í vírinn (5. mynd) og fella bakið fram.
2. Losaðu skrúfur nr. 1 (5. mynd) með 13 mm sexkanti og skrúfaðu stilliskrúfurnar með 5mm lykli.
3. Losaðu skrúfur nr. 1 og 2 (6. mynd) með 10 mm sexkanti.
4. Settu bakið upp þannig að lástittur nr. 3 (6. mynd) skjótist út.
5. Stilltu á réttan halla með því að flytja allt bakstykkið fram eða aftur.
6. Hertu skrúfur nr. 1 og 2 (6. mynd) með 10 mm lykli.
7. Þá er hægt að minnka rýmið með því að nota stilliskrúfur nr. 2 (5. mynd) með 5 mm lykli þannig að báðar stilliskrúfur liggi upp að grindinni. Hertu rær nr. 1 (5. mynd) með 13 mm sexkanti.
8. Kannaðu hvort lástittirnir falla í sitt spor þegar bakið er í uppréttri stöðu.

Strekking á bakdúk

Hægt er að teygja á eða losa um bakdúk með því að strekkja eða losa um franska rennilása sem festir eru aftan á bakdúkinn. Á honum er einnig flipi sem festur er undir setuna með frönskum rennilásnum. Hægt er að færa hann fram eða aftur til að finna rétta strekkingu fyrir neðri hluta bakdúksins. Þannig er þægilegasta staðan og stuðningurinn fundinn við bak þess sem stólinn notar. Fyrst er losað um frönsku rennilásana og svo er hallað sér aftur í stólnum. Þeir eru svo strekktir á ný þar til réttur stuðningur er fenginn. Ef þér finnst sem þú sitjir of framarlega í stólnum gæti ástæðan verið sú að neðri flipi bakdúksins sé of strekktur undir sætinu. Losaðu þá um hann og færðu aftur.

E) Að stilla jafnvægi hjólastólsins

Jafnvægi hjólastólsins er stillt með því að færa afturhjólin fram eða aftur. Því framar sem afturhjólin eru höfð, þeim mun aftur verður þyngdarpunktur stólsins. Þetta þýðir að stóllinn léttist að framan en að þyngd aukist yfir afturhjólinum. Þá verður auðveldara að stýra stólnum og lyfta honum yfir hindranir á borð við gangstéttarbrúnir og þröskulda. Þó má ekki hafa þyngdarpunktinn of aftarlega því þá er hættu á að velta afturábak. Mikilvægt er að gefa sér tíma til að finna þann jafnvægispunkt sem hentar líkama og aksturslagi hvers og eins þannig að stóllinn sé auðveldur í akstri en án þess að maður falli aftur fyrir sig. Gættu þess að einhver standi fyrir aftan þig þegar þú prófar stólinn eftir að hafa stillt jafnvægið. Ef stilla skal stöðu afturöxuls er fyrst losað um rærnar með 15 mm lykli og síðan er losað um hlífarnar með 22 mm lykli. Þegar stillingu er lokið eru hlífarnar hertar fyrst og síðan rærnar. *Þessi röð er afar mikilvæg.*

Staða hemla

Hemlar eiga að vera stilltir þannig að þeir þrýstist inn í dekkið þegar þeir eru læstir um u.þ.b. 5 mm. Þetta er gert með því að losa skrúfuklemmu hemilsins með 10 mm lykli og 4 mm lykli. Síðan er hemlinum ýtt fram eða aftur eftir sætisrörinu á rammanum. Finndu bestu stöðuna og hertu læsiskrúfuna.

ATH! Þegar loftþrýstingur er lágur, dekkið slitið eða sett er á nýtt dekk breytist virkni hemilsins.

Góður en illa stilltur stóll er ekki góður stóll.

Viðhald og umsjón

Pantera hjólastóllinn þinn þarf nánast ekkert viðhald. Þó er vert að huga reglubundið að nokkrum þáttum. (Ef þú notar stóllinn mikið í salti eða sandi þarft að þrifa hann vel og skoða).

Einu sinni í mánuði ættir þú að huga að eftirfarandi:

- **þrifa rammann** með því að nota bílasjampó eða uppþvottalög og rakan klút. Ef stóllinn er mjög skítugur má nota fituleysanleg hreinsiefni. Mundu að smyrja alla hreyfanlega hluta eftir hreinsun,
- **hreinsa festingar framhjóls** við gaffalinn (milli hjóls og gaffals). Algengt er að hár og ryk safnist á þetta svæði og það getur skemmt legurnar. Losaðu róna með lykli nr. 10 og haltu skrúfunni með lykli nr. 10. Dragðu skrúfuna út og taktu hjólið af. Hreinsaðu svæðið á milli hjóls og gaffals og þurrkaðu af legunni með tusku. Settu saman að nýju og hertu róna,
- **smyrja öxla afturhjólanna**. Taktu afturhjólið af og smyrðu nokkrum olíudropum á öxulinn. Ef þú er úti í rigningu og slabbi eða tekur afturhjólin sjaldan af ættir þú að smyrja öxlana oft,
- **pumpa í dekkinn**, þau þola allt að 8 kílóa þrýsting,
- **fara yfir allar skrúfur og bolta** og herða þá ef nauðsyn krefur,
- **athuga hvort stóllinn er skemmdur**. Sé um skemmd að ræða, hafðu samband við:

Eirberg ehf.

Stórhöfða 25

110 Reykjavík

Opið alla virka daga kl. 9-18

Sími 569 3100

Fax 569 3101

eða Hjálpartækjamiðstöð TR, sími 560 4600.

Tvisvar á ári skaltu gera eftirfarandi:

- **smyrja kúlulegur í hemlum** með nokkrum olíudropum,
- **smyrja olíu á skrúfuhólka á samskeytum festingar á baki**. Losaðu róna með lykli nr. 10, haltu boltanum með lykli nr. 10. og smyrðu með nokkrum olíudropum.
- **þvo áklæði stólsins í þvottavél** við 30° ef nauðsyn þykir.

Ábyrgð og ending

Ending Panthera Bambino er háð því álagi sem stóllinn verður fyrir og því hve vel viðhaldi hans er sinnt.

Ábyrgð: Ábyrgð framleiðanda á grind er til fimm ára.

Aðrir hlutar: eitt ár

Hámarksþyngd: 50 kg.

Sú vinna sem lögð er í að stilla stóllinn á eftir að skila sér til lengri tíma litið. Reyna má aðrar stillingar í fáeina daga til að ganga úr skugga um að stóllinn sé í raun stilltur á bestu setstöðu og með besta fánlega jafnvægi.

Mikilvægar ábendingar

Hjólástóll eins og Panthera er hannaður þannig að eins auðvelt sé að komast um í honum og mögulegt er. Stóllinn er auðveldur í meðferð og bregst lipurlega við „skipunum“ notandans, annars væri ekki auðvelt að aka honum. Ef ranglega er brugðist við getur stóllinn t.d. fallið aftur fyrir sig, sé ekki notast við veltivörn. Það er útilokað að vara við öllu því sem getur komið fyrir. Mikilvægast er að prófa stóllinn vel og gefa sér tíma til að þjálfa tæknina við að nota hann. Ef þú vilt spyrja einhvers um tæknina við að nota hjólástól skaltu hafa samband við þann sem seldi þér stóllinn eða þann sem þú ert í meðferð hjá. Ef þessir aðilar geta ekki aðstoðað þig er þér velkomið að hafa samband við okkur hjá Eirbergi ehf. Við búum yfir langri reynslu af daglegri notkun hjólástóla. Við viljum leggja áherslu á nokkur öryggisatriði.

Jafnvægi, hætta á veltu

Staða afturhjóra, halli baks og stilling á bakdúk eru þeir þættir sem mest áhrif hafa á hvort stólnum sé hætt við veltu eða ekki. Þegar búíð er að stilla stóllinn ber að tryggja að notandinn sé búinn að átta sig á jafnvægi stólsins. Ef þú ert óörugg(ur) skaltu nota veltivörn eða færa hjólin aftar.

Aðrir mikilvægir þættir sem auka hættu á veltu

Taska sem hangir á baki, þegar maður hallar sér eða teygir sig aftur á bak, slitin dekk, lítið loft í dekkjum, ófyrirséðar breytingar á undirlagi.

Hemlar

- Ef þú notar háhemla skaltu gæta þess að festa ekki puttana í þeim þegar verið er að ýta stólnum.
- ef þú notar háhemla og ert að færa þig til hliðar í eða úr Panthera hjólástólnum þínum, þarftu að geta lyft þér yfir hemlana svo þú festist ekki í þeim.
- Ef þú notar lághemla og getur staðið, gættu þín þá að losa ekki um hemlana með hælunum.
- Mundu að hemlarnir virka ekki eins vel og þeir geta gert ef lítið loft er í dekkjunum eða þau eru slitin.
- Ef þú skiptir um dekkjagerð skaltu alltaf athuga hemlana því stærðir geta verið breytilegar.
- Hemlarnir eru stöðuhemlar en eru ekki ætlaðir til þess að hemla á ferð.

Staða sætis

- Röng staða sætis getur valdið álagsmeiðslum. Ef eitthvað er óljóst varðandi setstöðuna skaltu hafa samband við þann sem seldi þér stóllinn eða þjálfara þinn.
- Gættu þess að hliðarhlífar þrýstist ekki of fast að lærum. Ef það gerist er stóllinn annað hvort of þröngur eða stilla þarf hliðarhlífarnar. Þetta getur valdið álagsmeiðslum.

- Ætlast er til þess að sessa sé í sætinu.

Meðferð

- Ef lítið bil er á milli læsta hluta fótafjalar og yfirborðs (minna en 40 mm), getur fótafjölín rekist í ósléttur á yfirborðinu og þú kastast fram úr stólnum.
- Ef þér er ekið eða þú ekur sjálf(ur) yfir gangstéttarbrún og veltivörnin er á, getur hún rekist í brúnina og þú kastast fram úr stólnum. Ef þú ert ekki viss skaltu alltaf taka veltivörnina af og/eða leita aðstoðar.

Flutningur / að lyfta

- Stóllinn er mjög léttur og getur því færst til hliðar þegar verið er að setjast í hann frá hlið. Ef þú ert óörugg (ur) skaltu fá þjálfun hjá viðurkenndum leiðbeinanda.
- Sé hjólastólnum lyft og notandinn situr í honum ætti alltaf að lyfta honum með því að halda í grindina, ekki bakið, handföngin, hjólin eða annan hluta stólsins.

Tækniskoðun

- Þegar stóllinn hefur verið stilltur fyrir þig skaltu kanna hvort allar skrúfur og rær séu hertar nægilega.
- Gakktu alltaf úr skugga um að afturhjóli séu tryggilega fest eftir að búið er að skipta um þau.

Seljandi:



Eirberg

Eirberg ehf
Stórhöfða 25
110 Reykjavík
Opið alla virka daga 9-18
Sími 569 3100
Fax 569 3101
Netfang : eirberg@eirberg.is
Heimasíða : www.eirberg.is

Framleiðandi:

panthera

Heimasíða: www.panthera.se